

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. mars 2016
2016020030/42-8
TB
jgo/tb

**Umsókn Orkubús Vestfjarða ohf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 20 MW
Glámuvirksjun**

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 24. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orkubús Vestfjarða ohf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 20 MW Glámuvirksjun. Stefnt er að því að niðurstöður rannsókna verði hluti af 4. áfanga rammaáætlunar og koma virksjuninni í nýtingarflokk.s

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna í samræmi við þær forsendur sem gefnar eru um leyfi til rannsókna á svæðum sem ekki hefur verið tekin afstaða til sbr. 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Stofnunin bendir á að rannsóknasvæði framangreindrar virksjunar virðist skarast bæði við friðlandsmörk friðlands í Vatnsfirði, sjá auglýsingu nr. 96/1975

http://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/vatnsfjordur_96_1975.pdf
. og svæði á náttúruminjaskrá nr. 304 Kjálkafjörður, Kerlingafjörður og Skálmarnes.....Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum, fuglabjarg í Múlanesi. Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir að á þetta sé bent í leyfisveitingu, verði að henni, og farið eftir þeim reglum sem um friðlýst svæði gilda sem og svæði á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

